

Strandgötu 6 220 Hafnarfirði

**Efni: umsókn um lóðarvilyrði fyrir reit 6a við Hamranes**

Undirritaðir f.h. Jörp ehf. kt. 430221-1320 óska eftir að bæjarráð Hafnarfjarðar veiti Jörp lóðarvilyrði fyrir reit 6a við Hamranes á grundvelli meðsendra tillagna um uppbyggingu á reitnum.

Reitur 6a er 2800 m<sup>2</sup> lóð sem upphaflega var ætluð fyrir sameiginlegt bílastæðahús hverfisins en ekki er áhugi hjá þróunaraðilum/verktökum á svæðinu að reisa slíkt mannvirki.

Sem lóðarhafar á reit 4a við Hamranes hefur sýn okkar ávallt verið sú að reit 6a ætti að nýta sem hjarta/miðsvæði hins nýja hverfis vegna staðsetningar lóðarinnar. Við sjáum fyrir okkur fallegan almenningsgarð, leikvöll, matvöruverslun, kaffihús og bakarí á jarðhæð og íbúðir á efri hæðum hússins. Slíkt grænt miðsvæði ásamt þjónustukjarna hefði verulega jákvæð áhrif á nýja hverfið!

Við höfum þegar kynnt hugmyndir okkar fyrir skipulagsstjóra og hafið óformlegar viðræður við helstu matvöruverslanir og kannað áhuga þeirra á verslunarrekstri á reitnum og höfuð við fengið jákvæð viðbrögð. Til þess að geta fullmótað okkar hugmyndir um uppbyggingu á reitnum óskum við eftir að bæjarráð Hafnarfjarðar veiti jörp lóðarvilyrði fyrir reit 6 við Hamranes.

F.h. jörp ehf.

*Jóhann Önn Logason*

*Rafael Campos de Pinho*